



**RANGÁRPÍNG YTRA  
SKIPULAGS- OG BYGGINGARFULLTRÚI**

Landsvirkjun  
420269-1299  
Katrínartúni 2  
105 Reykjavík

Hellu, 29. október 2024  
2409043 HBH

## **FRAMKVÆMDALEYFI**

### **skv. 13. og 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og ákvæðum reglugerðar nr. 772/2012 með síðari breytingum.**

vegna framkvæmda við uppbyggingu Hvammsvirkjunar sem er 95MW vatnsaflsvirkjun sbr. nánari lýsingu í meðfylgjandi gögnum. Framkvæmdin er háð mati á umhverfisáhrifum. Virkjunarsvæðið er staðsett innan sveitarfélaganna Rangárþings ytra og Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Framkvæmdaleyfi þetta nær einungis til þeirra framkvæmda við Hvammsvirkjun sem fyrirhugað er að gera innan sveitarfélagamarka Rangárþings ytra, þó ekki til þeirra framkvæmda sem eru byggingarleyfisskyldar.

Framkvæmdaraðili: Landsvirkjun, kt. 420269-1299, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík.

Framkvæmdaraðili sótti um framkvæmdaleyfi á grundvelli 13. og 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 með umsókn dags. 14. desember 2022 vegna uppbyggingu Hvammsvirkjunar. Afgreiðslu umsóknarinnar var frestað eftir að hún barst Rangárþingi ytra en hún var tekin til vinnslu þann 13. september 2024 að beiðni framkvæmdaraðila með þremur nýjum fylgiskjöllum þ.e. uppfærðri greinargerð framkvæmdaaðila, nýútgefnu virkjunarleyfi og heimild Umhverfisstofnunar til breytinga á vatnshlotinu Þjórsá 1. Eftirtalin gögn voru því lögð fram af hálfu framkvæmdaaðila í samræmi við 7. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi:

- Umsókn um framkvæmdaleyfi, dags. 14. desember 2022.
- Greinargerð með umsókn um framkvæmdaleyfi, dags. 13. september 2024.
- Teikningar og yfirlitsmyndir af framkvæmd.
- Deiliskipulag Hvammsvirkjunar, greinargerð, umhverfismatsskýrsla og uppdrættir.
- Matsskýrsla vegna Hvammsvirkjunar, dags. apríl 2003.
- Úrskurður Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum, dags. 19. ágúst 2003
- Úrskurður umhverfisráðuneytis, dags. 27. apríl 2004.

8. Ákvörðun Skipulagsstofnunar um endurskoðun matsskýrslu um Hvammsvirkjun að hluta, dags. 16. desember 2015.
9. Matsskýrsla – endurskoðun, dags. október 2017
10. Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Hvammsvirkjunar, dags. 12. mars 2018
11. Leyfi Minjastofnunar Íslands, dags. 26. nóvember 2021
12. Leyfi Fiskistofu, dags. 14. júlí 2022
13. Virkjunarleyfi vegna Hvammsvirkjunar í Þjórsá, dags. 12. september 2024, ásamt fylgiskjolum.
14. Heimild Umhverfisstofnunar til breytinga á vatnshlotinu Þjórsá 1, dags. 9. apríl 2024.

Á fundi sveitarstjórnar Rangárþings ytra þann 16. október 2024 var framkvæmdaleyfisumsókn lögð fram ásamt meðfylgjandi gögnum auk greinargerðar sem Rangárþing ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppur létu taka saman í samræmi við 13. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og 14. gr. skipulagsлага nr. 123/2010, dags. 14. júní 2023, uppfærð 4. október 2024. Sveitarstjórn samþykkti greinargerð sveitarfélaganna í samræmi við 13. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, sbr. 14. gr. skipulagsлага nr. 123/2010, sem umsögn sveitarstjórnar um framkvæmdarleyfisumsóknina.

Í bókun sveitarstjórnar kom fram að sveitarstjórn hefði, eins og nánar væri gerð grein fyrir og rakið í greinargerð sveitarfélagsins kynnt sér umsókn, matsskýrslu og önnur framlögð gögn og taldi sveitarstjórn framkvæmdina sem lýst er í umsókn og framlögðum skjölum vera í samræmi við skipulagsáætlanir, matsskýrslu, úrskurði og ákvarðanir vegna umhverfismats framkvæmdanna og önnur fyrirliggjandi gögn þ.m.t. greinargerð Landsvirkjunar með framkvæmdaleyfisumsókn.

Með vísan til rökstuðnings í umsögn sveitarstjórnar samþykkti sveitarstjórn Rangárþings ytra að gefið yrði út framkvæmdaleyfi í samræmi við framlagða umsókn framkvæmdaraðila með þeim skilyrðum sem fram koma í greinargerð sveitarstjórnar og nánar er gerð grein fyrir í öðrum framlögðum gögnum s.s. varðandi mótvægisáðgerðir, vöktun og frágang vegna framkvæmdarinnar.

Útgáfa framkvæmdaleyfis er eingöngu bundin við þær framkvæmdir sem fjallað er um í framkvæmdaleyfisumsókn og tilgreindar eru á teikningum sem fylgdu umsókninni og fjallað er um í umhverfismatinu og eru í samræmi við skipulag. Framkvæmdaleyfið tekur ekki til endurbyggingar og færslu Þjórsárdalsvegar, færslu Gnúpverjavegar, styrkingar núverandi Hvammsvegar, né framkvæmda vegna nýs tengivirkis í landi Skarðs eða breytinga á Búrfellslínu 1. Þær framkvæmdir eru á forræði Vegagerðarinnar og Landsnets.

Framkvæmdaleyfið er gefið út á grundvelli fyrirliggjandi gagna og með þeim fyrirvorum og skilyrðum sem fram koma í þeim, sérstaklega greinargerð Rangárþings ytra og Skeiða- og Gnúpverjahrepps, dags. 14. júní 2023 sem uppfærð var 4. október 2024 sem telst hluti þessa framkvæmdaleyfis.

Í samráði við framkvæmdaraðila og aðra leyfisveitendur vegna framkvæmdarinnar verður skipuð eftirlitsnefnd sem hefur eftirlit með því að öllum skilyrðum sem framkvæmdinni hafa verið sett verði framfylgt. Eftirlitsnefndin hefur, ásamt

skipulagsfulltrúa, eftirlit með því að framkvæmdin skv. framkvæmdaleyfi þessu sé í samræmi við leyfi og fylgigögn leyfis. Nefndin mun skila af sér skyrslu til sveitarstjórnar um framkvæmd eftirlitsins við lok hvers áfanga framkvæmdarinnar. Verði skilyrðum vegna framkvæmdarinnar ekki framfylgt, ásigkomulag, frágangi, notkun eða umhverfi framkvæmdar eða eigin eftirliti framkvæmdaaðila ábótavant eða ef hætta stafar af framkvæmdinni skal eftirlitsnefndin tilkynna sveitarstjórnum Rangárþings ytra og Skeiða- og Gnúpverjahrepps þar um. Þá skal nefndin gera grein fyrir frávikum og tilkynna framkvæmdaraðila skriflega um frávik og kröfur til úrbóta. Í samræmi við heimildir í 15.gr. reglugerðar 772/2912 um framkvæmdaleyfi þá ber framkvæmdaaðili allan kostnað af starfi nefndarinnar.

### Fylgiskjöl með framkvæmdaleyfi:

1. Umsókn um framkvæmdaleyfi, dags. 14. desember 2022.
2. Greinargerð með umsókn um framkvæmdaleyfi, dags. 13. september 2024.
3. Teikningar og yfirlitsmyndir af framkvæmd.
4. Deiliskipulag Hvammsvirkjunar, greinargerð, umhverfismatsskýrsla og uppdrættir.
5. Matsskýrsla vegna Hvammsvirkjunar, dags. apríl 2003.
6. Úrskurður Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum, dags. 19. ágúst 2003.
7. Úrskurður umhverfisráðuneytis, dags. 27. apríl 2004.
8. Ákvörðun Skipulagsstofnunar um endurskoðun matsskýrslu um Hvammsvirkjun að hluta, dags. 16. desember 2015.
9. Matsskýrsla – endurskoðun, dags. október 2017.
10. Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Hvammsvirkjunar, dags. 12. mars 2018.
11. Leyfi Minjastofnunar Íslands, dags. 26. nóvember 2021.
12. Leyfi Fiskistofu, dags. 14. júlí 2022.
13. Virkjunarleyfi vegna Hvammsvirkjunar í Þjórsá, dags. 12. september 2024, ásamt fylgiskjöldum.
14. Heimild Umhverfisstofnunar til breytinga á vatnshlotinu Þjórsá 1, dags. 9. apríl 2024.
15. Greinargerð Rangárþings ytra og Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna samþykkis og útgáfu framkvæmdaleyfis í samræmi við 13. og 14. gr. skipulagsлага nr. 123/2010, dags. 14. júní 2023, uppfærð 4. október 2024.

Framkvæmdaleyfi þetta má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og er kærufrestur einn mánuður frá birtingu auglýsingar um útgáfu leyfisins.

Gjald vegna útgáfu framkvæmdarleyfis þessa er í samræmi við gjaldskrá Rangárþings ytra og miðast gjaldið við eftirlit sveitarfélagsins þ.m.t. kostnaðar vegna eftirlitsnefndar, vegna allra framkvæmda sem leyfið tekur til og að frágangur verði skv. framlögðum áætlunum framkvæmdaaðila.

Gildistími framkvæmdaleyfis þessa er í samræmi við greinargerð og framkvæmdaáætlun framkvæmdaraðila. Framkvæmdaleyfi þetta fellur úr gildi ef framkvæmdir hafa ekki hafist innan 12 mánaða frá 1. nóvember 2024 að telja.

Rangárþingi ytra, 29. október 2024

Skipulagsfulltrúinn í Rangárþingi ytra



Haraldur Þórir Haraldsson